



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Áframhaldandi búseta háskólanema í þjónustuíbúð fyrir aldraða

Á fundi velferðarráðs þann 22. maí 2019 fór fram kynning á niðurstöðu úttektar vegna skýrslu um tilraunaverkefni um búsetu háskólanema í þjónustuíbúð fyrir aldraða, dags. 1. maí 2019, ásamt minnisblaði sviðsstjóra dags. 22. maí 2019. Velferðarráð samþykkti þá svohljóðandi tillögu:

„Velferðarráð felur velferðarsviði að koma með tillögu um útfærslu að áframhaldi verkefnisins.“

Í aðgerðaáætlun vegna stefnu í málefnum eldri borgara sem samþykkt var í velferðaráði þann 3. apríl 2019 er ein af aðgerðunum að háskólanemi leigi þjónustuíbúð í þjónustukjarna fyrir aldraða og starfi við félagslega umönnun og virkni á staðnum.

Tillaga velferðarsviðs er að það verði náð samstarf við Félagssstofnun stúdenta og háskólanemum sem eru á biðlista þar verði boðið að sækja um eina þjónustuíbúð, í stað tveggja áður og að sú íbúð verði veturinn 2019 til 2020 í Furugerði 1.

Félagssstofnun er opin fyrir samstarfi og mun nemandinn sem verður valinn halda umsókn sinni hjá Félagssstofnun. Samráð verður þannig á milli velferðarsviðs annarsvegar og Félagssstofnunar hinsvegar þegar búsetu í þjónustuíbúð lýkur og viðkomandi fær úthlutað í stúdentaíbúð.

Gert er ráð fyrir að fjöldi þjónustuíbúða og nema í verkefninu verði aukinn ár frá ári og að haustið 2021 verði tvær þjónustuíbúðir til umráða. Verkefni verði svipuð og verið hefur, þ.e. þátttaka í félagsstarfi og sami tímafjöldi á viku.